

**156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal 139 — 95. mál.**

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um sóknargjöld.

1. *Hvernig hefur framfylgd laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, verið háttað frá setningu laganna?*

Í 2. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, er kveðið á um hvernig sóknargjöld skulu reiknuð ár hvert. Þrátt fyrir þá reiknireglu hefur niðurskurður sóknargjalda verið viðvarandi í þónokkurn tíma. Alls hefur 16 sinnum komið inn bráðabirgðaákvæði í lög um sóknargjöld sem kveður á um lægri sóknargjöld en reiknireglan í 2. gr. laganna gerir ráð fyrir.

2. *Hver hafa sóknargjöld verið frá setningu laganna þar til nú, sundurliðað eftir árum?*

Í eftirfarandi töflu er miðað við fjárhæð sóknargjalda á einstakling á ári:

Ár	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Sóknargjöld	2.510	3.136	3.314	3.871	4.254	4.305
Ár	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Sóknargjöld	4.311	4.382	4.518	4.803	5.109	5.751
Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Sóknargjöld	6.246	6.793	6.792	7.164	7.415	7.956
Ár	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sóknargjöld	8.640	9.492	10.464	9.996	9.204	8.376
Ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Sóknargjöld	8.412	8.736	9.000	9.720	10.776	11.040
Ár	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Sóknargjöld	11.172	11.100	11.700	12.960	13.284	14.304
Ár	2024	2025				
Sóknargjöld	13.284	14.652				

3. *Hver hefðu sóknargjöld átt að vera ef þau hefðu verið reiknuð á grundvelli 2. gr. laganna frá gildistöku þeirra, sundurliðað eftir árum?*

Útreikningur sóknargjalda byggist á eftirfarandi forsendum: Fjölda einstaklinga samkvæmt skráningu í trú- og lífsskoðunarfélög í lok undangengins árs auk þess sem fjárhæð gjaldsins tekur breytingum sem nemur hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára. Sóknargjöld falla undir málefnavið 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála, og málaflokk 10.20 Trúmál. Gerð er grein fyrir heildarfjárhæð sóknargjalda undir fyrrgreindum málaflokk sem tilheyrir gjaldahlið ríkis-sjóðs. Allar upplýsingar um forsendur gjaldsins og útreikning þess byggjast þó á upplýsingum á tekjuhlíð ríkissjóðs og eru þær upplýsingar alfarið á forræði fjármála- og efnahags-ráðuneytisins sem reiknar út og ákvarðar árlega fjárhæð sóknargjalda, sem birtast í fjárlögum

málaufokks 10.20 ár hvert. Að því sögðu vísar dómsmálaráðuneytið á fjármála- og efnahagsráðuneytið vegna svara við þessum lið fyrirspurnarinnar.

4. *Hyggst ráðherra endurskoða lög um sóknargjöld? Ef svo er, á hvaða forsendum mun slik endurskoðun fara fram?*

Hinn 17. september 2024 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða fyrirkomulag sóknargjalda. Meðal þess sem starfshópnum var falið var að gera tillögur að breytingum á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Sú vinna stendur enn yfir en von er á tillögum starfshópsins til dómsmálaráðuneytisins. Þegar þeirri vinnu er lokið verður metið hver næstu skref verða í þeim efnum.